



Mér finnst sem við röltum um þingeyskar heiðar, þar
búið er að bæta við antilópuhjörðum og sebrahestum

Malavíhásléttan er undursamleg, ilmandi gróðurhaf í 2300 metra hæð



Það er súld og svalt yfir Nyika hásléttunni þegar við leggjum af stað eftir ríkulegan morgunverð í fjallaskála þar sem enn logar í glæðum í arni. Leiðsögumaðurinn vopnaður riffli, heitir nafni landkönnuðarins fræga: Stanley. Mjög traustvekjandi hér í Afríku. Morgunpula í stráum þennan morgun er þögn. Bara skríjál í grasinu

þegar við röltum af stað og svo sjáum við Bsuhbuck, ansi hreint laglega antilópu á stærð við kvígu að norðan en nokkuð rennilegri. Fagurhrynd og andlitsdrættir eins og á prinsessu úr slúðurblaði. Fínlegir. Næsti stórfundur er hlébarðaskítur. Við erum ekki kominn lengra en 100 metra frá næstu skálum og hér hefur hlébarðinn skitið um nóttina, líklega sjáum við

leyfar af félaga þessa Bushbuck í formi hára, beinamulnings og annars sem minnir á hefðbundnar hægðir spendýra. Hýenan hefði melt beinin líka og skitið hvítu segir Stanley spekingslega, þess vegna getum við ályktað að hér hafi hlébarði hægt sér.

Svona lesum við landið allan daginn með aðstoð vopnaða varðarins.





Við röltum niður að litlum tjörnum sem eru afleiðing þess að endur fyrir löngu stífluðu menn hér til að ná vatni í veitur. Á þeim áratugum sem liðið hafa virðast dýrin hafa fest ástfóstur við þennan hluta hásléttunnar frekar en aðra, eða kannski var það bara alltaf svo? Meira vatn hér um slóðir en úti á sléttunum?

Sjáum stórar hjarðir af antilópum og sebrahestum álangdar. Við öslum gróður í þjóðgarðinum, hann var sá fyrsti sem Malaví tilefndi. Það var á sjöunda áratugnum. 3000 ferkílómetrar af grasi, skógum, lyngi, blómum og öðru sem gefur landinu líf.

Í meira en 2000 metra hæð.






Sagði ég blóm? Hér eru 200 tegundir af orkideum! Gleymdi ég fuglum? Hér eru 400 tegundir af fuglum. Sumar tegundir blóma og fugla þekkjast hvergi nema hér. Um páskana eru farfuglar flognir til norðlægra slóða, en heimafuglar sýna sig: Kráka á grein, smáfuglinn sem er svo stélprúður að það er eins og hann dragi á eftir sér silkislæðu; kemur títt fyrir sjónir. Stórir hópar af kanarífuglum. Rauða rjúpan sem ég kalla svo læðist með unga í kafgresinu alveg eins og vinkona hennar heima, en hér slær rauðum bjarma á bringu svo hún falli betur inn í stráin sem nú safna fræstilkum með rústrauðum blæ. Hér eru vængbreiðir ránfuglar sem hnita hringi og vænir vapparar af hinni afrísku „buster“ tegund sem víða má sjá um sunnanverða álfuna, oftast með stóran gogg, veglegan bók og tíðum skrautlitir á bringu og háls.

Mér finnst sem við röltum um þingeyskar heiðar þar sem er

búið að bæta við antilópuhjörðum og sebrahestum. En þegar grannt er skoðað er gróðurlendið ríkulegra, ilmurinn fjölbreyttari. Og þegar við förum yfir ás og niður lægð sér maður eftir því sem safnast í sarpinn að þessi lönd minna rekar á enskar sveitasælur af póstkortum. Könnuðir sem komum hingað fyrstir hvíttra manna sögðu reyndar að Nyika væri eins og að koma til Englands nema dýrin væru önnur. Og blómin. En þókan og rigningarsuddinn sem mætir okkur að morgni dags gætu alveg verið frá ensku vatnasvæðunum.

Við erum í sömu hæð og Örfajökull.





Það léttir til. Roand, Eland og aðrar antilópur ber við hæðarbrún. Þetta er land sem er lárétt: láréttar línur sem skarast í fagurlegum boga hver innan um aðra eins og meistarar geometríunnar hefðu komist með pensil sinn til að leggja lag eftir lag á strigann fyrir sjónum okkar.

Litbriði jarðarinnar eru mörg, eftir því hvaða grastegund ræður ríkjum á viðkomandi skárum, eða hvaða blómalitir ná að slá ljóma sínum á lyng, eða eftir því hvernig sólstafir lýsa upp leyndarlóma landsins meðan skuggar af hraðfleygum skýjum streyma yfir eins og lindarvatn með

bylgjur og ljósbrot. Það eina sem er stöðugt er þögnin, djúp eins og blámóðan sem sjá má í fjarska, en þar ofar rísa feiknstafir: Hvítir, gráir og bláir skýjabólstar sem brjóta upp þessi lárétu mjúku form landsins.





Ef maður ætti að hanna landslag myndi maður gera það svona. Gult, grænt, gulgrænt, rauðleitt, bleikljóst og dökkbrúnt; svo rísa skógarlundir upp úr smá lækjarskorningum neðst í dalmynd, eða skærhvít grjót eins og hvalbök efst á hæðarbrúnum. Strá svo sólstöfum á þetta allt og byggja skýjaborgir í mörgum lögum yfir, þannig að svargrá regnský og gufubólstar kallist á með bláum, gráum og sólbleikum flekkjum inn á milli. Fara svo í smátariðin þar neðan við eins og Eggert Pétursson blómamálari: Greiða úr grasinu og láta bleik, rauð, hvít, applesínugul og gul blóm breiða úr sér. Gleymdi ég bláum? Nefndi ég ekki rauðu, svörtu og grænu berin?

Við erum í sömu hæð og Örafajökull.

Brúngrár burkni fellir óðum laufin enda hans tíð liðin um þessar mundir: Upp kemur haus af Roan antilópu, með grímu og fagulega sveigð hornin. Næst stærsta antilópa í heimi, getur orðið sex hundruð kíló. En bíðum við. Parna koma nokkar Eland antilópur og eru lendamiklar og kraftalegar, enda vega þær tonn hver. Ósköp laglegar samt og sviphreinar, mér er sagt að krafturinn sé slíkur að Eland geti stokkið tvo meta í hæð upp úr kyrrstöðu. Gunnari á Hlíðarenda hefði þótt það flott.

Moldarhrúga. Hér var stór hagamús á ferð (þær eru á stærð við smáa ketti) og gróf upp greni, útgangar eru víðar úti í móanum. Bæli eftir antilópu sést greinilega í grasi. Og hér var villigöltur að grafa eftir rótum, það sést á holu mikilli. Og meira gras:

Ökladjúpt, hnédjúpt og í mitti þegar komið er á vætubletti.

Við eigum sléttuna fyrir okkur með Stanley. Í fjarska grillir enn í ferðamannastöðina: þar eru í hnapp óbrottnir fjallaskáar eins og við leigjum, flottari smáhýsi í tengslum við hótél sem selur allar veitingar, og tjaldstæði fyrir þá sem vilja ekki borga fyrir neitt af þessu.

Bannað er að ganga um garðinn nema í fylgd leiðsögumanna, en akstur er leyfður um slóða sem víða liggja ef maður lofar að ramba ekki langt frá vegi. Nú er aflögð hestaleigan sem eitt sinn var, en á hrossum komst maður inn í antilópuhjarðinar sem virtust taka ferðamanni sem hverjum öðrum útlím á hestinum.






Róan antilópa

Í dagslok hafa safnast saman nærri þúsund myndir á minnskort og við hrynjum niður í bólin eftir 9 stunda þramm með Stanley sagnarbrunni.


Í morgunskímunni næsta dag liggur leiðin akandi að eina stöðuvatni heiðarlendanna, og þar stygjum við Roan antilópur frá því að úða í sig grasi í tjörninni. Á henni er

helgi, því þarna býr ormur mikill. Hann veldur miklum örlögum og enn þann dag í dag koma sveitamenn með fórnargjafir til að leggja á bakka og friðmælast við orminn. Eins og títt er um svona orma lætur hann ekki mynda sig í dag. En það gera sebrahestarnir sem lifa sig inn í ljómyndafyrirsætuhlutverkið. Morgunpókan leysist upp á

hæðarbrúnum og í ljóst koma rákóttar hjarðinar baðaðar mjúkri birtu rísandi sólar. Við silumst eftir grösugum moldarslóðum upp og niður ávala ása og brekkur, komum í dimman dal og upp á háa brún, sjáum fjöll í fjarska og í blámóðunn hrynur hásléttan bröt niður á láglendi Sambíu þar sem glampar á bárujárnskofa í tuga kílómetra fjarlægð.




Eland





Útsýnisstaðir eru fjölmargir og merktir á sérleiðum, kort og gps tæki hjálpa að missa ekki sjónar á heimahaga þegar sól tekur að lækka á lofti. Enn dansa skuggar á landinu, enn rísa skýjabykkni ofar ávölum grænum hæðum, og nú lendir uгла í vegarbrún. Græn augum blína á okkur og oddhvöss eyrun í spíss, hausinn

snýst í hring eins og í hrollvekju þegar hún skimar. Nú litast landið sólarlaginu og verður heitgult og svo rautt og skuggarnir gera strik eftir endilöngum ásum meðan upplýstar hæðarbrúnir sýna skugga af hjörðum. Sólstafur brýst út og lýsir upp lítinn bamba sem horfir á fugl sem flýgur úr grasi.





Nyika hásléttan er enn eitt náttúruundrið í sunnanverðri Afríku. Um það leyti sem Íslendingar hófu sjálfstæðisbaráttu slógust ættbálkar um yfirráð hér. En nú á náttúran allan rétt, friðuð um alla framtíð.

